

Helga M. Ögmundsdóttir prófessor emerita
Óttar Guðmundsson geðlæknir

Öldungadeild LÍ á slóðum Kolum Killa

Heilagur Kolum Killi var á 77. aldursári og farinn að heilsu þegar hann stofnaði klaustur á eyinni helgu, Iona, árið 563. Þetta er líklega nálægt meðalaldri 44 hraustra félaga Öldungadeildar LÍ og maka þeirra sem lögðu leið sína þangað í fótspor pílagríma fyrri alda um mánaðamótin ágúst/september síðastliðinn. Eyjan helga var fyrsti áfangastaður í átta daga Skotlandsferð undir leiðsögn feðginanna Snorra Guðmundssonar og Margrétar hjá Skotgöngu. Á leiðinni frá Glasgowflugvelli höfðum við þegar séð dæmi um margrómaða náttúrufegurð Skotlands og ekið meðfram Loch Lomond þar sem elskendurnir náðu aldrei að hittast aftur. Á eyinni helgu er reyndar líka nunnuklaustur og enn heimsækja menn heilagan Kolum Killa í leit að trúarlegri upplifun. Bækistöð fyrstu tvær næturnar var í Oban og seinna kvöldið kynntumst við skoskum Ceilidh-dansi og undir var spilað á sekkjapípu og fiðlu – mjög einfalt, eða þannig, allavega fór enginn úr hópnum út á gólfíð. Og hvað skyldi leynast undir Skotapilsinu? Við kvöddum Oban snemma morguns á þriðja ferðadegi og áttum dagslanga ferð fyrir höndum. Í Glen Coe gerðust seint á 17. öld hryllilegir atburðir sem alltaf er lýst sem *massacre* eða slátrun þegar hermenn konungs drápu 38 heimamenn úr clan MacDonald eftir að hafa þegið gistingu og beina í 12 daga.

Í Fort William gátu menn spókað sig í góða veðrinu og virt fyrir sér stórfenglegt landslagið, eftir hádegismatinn. Þegar við fórum aftur af stað þótti Óttari formanni sem Sigurður Breiðfjörð hefði eitthvað um þetta allt að segja og hafði upp frá þessu ýmislegt til málanna að leggja. Í Skotlandi er oft og víða minnt á heimsstyrjaldirnar, hetjudáðir og mannfórnir, og við eitt slíkt minnismerki,



Ferðaglaðir Öldungar í Skotlandi við Commando minnismerkið.

Commando-minnismerkið, er víðsýnt mjög og kjörinn staður fyrir hópmynd. Eilean Donan-kastala þekja margir af myndum, hann er einn af mörgum og tekst sumum að lifa á túrismanum í kringum þá – en gaman að skoða og setja sig í spor stúlkunnar sem hleypur upp þröngan stiga með matarbakka.

Þá var farið yfir til Skye og til þess þurftum við ekki bát eins og Bonnie Prince Charlie forðum en brúin er reyndar bara liðlega 30 ára gömul. Næstu tvær nætur var athvarfið Dunollie Hotel í Broadford nyrst á eyinni. Fyrsti áfangastaður á fjórða degi var enn einn kastali, Dunvegan-kastali, en þar hafa ættarhöfðingjar McLeod (Ljótsson) haldið til síðastliðin 800 ár. Í hádeginu röltum við um konunglegu höfnina, Portree, sem er höfuðstaður Skye, fundum snarl og minjagrip, sem eru fallegt handverk fremur en lundadrasl. Í glaðasólskini var áfram haldið (sem er alls ekki gefið mál á Skye, skyldi heilagur Þorlákur hafa

svifið með okkur?), notið náttúrufegurðar út um bílrúðuna og stoppað til að skoða hefðbundin gömul hýbýli, Skotar notuðu grjót í vegg og beitleyngstágar á þakið, en ekki torf. Og beitleyngið er alls staðar, margfrægt í markaðssetningu á túrisma í Skotlandi, en við tókum líka eftir öllum kindunum með sín svörtu fés og lafandi rófu. Klettgar ganga víða í sjó fram og á einum stað eru þeir kenndir við Skotapilsíð – kilt – enda köflóttir að sjá. Á fimmta degi kvöddum við Skye, fórum aftur á fastalandið og leiðin lá til Edinborgar. Viðkomustaður í hádeginu var Pitlochry, dæmigerður túristabær við jaðar skosku hálandanna, en hann stendur alveg fyrir sínu sem slíkur. Síðustu þrjár næturnar var gist í Edinborg og naut þar hver eftir sínum smekk. Fólkrölti í búðir og heimsótti söfn. Helga, ritari félagsins, leiddi lysthafendur um gamlar slóðir sínar í kringum háskólann. Kristín Hannesdóttir arkitekt og ræðismaður bauð öllum hópnum heim til sín síðasta kvöldið í glæsilegan kastala frá 1610. Flogið var heim með ánægðan hóp sem var margs vísari um skosk viski og sögu.



Stjórn Öldungadeildar
Óttar Guðmundsson formaður
Helga M. Ögmundsdóttir ritari
Sigurður Guðmundsson gjaldkeri
Friðrik Yngvarsson
Gísli Einarsson

Ritstjóri vefsíðu og síðu
Öldungadeildar í Læknablaðinu:
Helga M. Ögmundsdóttir